



**SAMNINGUR UM LANDSMÓT HESTAMANNA Á HÓLUM Í
HJALTADAL DAGANA 27. JÚNÍ – 3. JÚLÍ 2016**

Samningur um Landsmót hestamanna 2016 á Hólum í Hjaltadal dagana 27. júní – 3. júlí 2016

Landsmót hestamanna ehf. (hér eftir nefnt LM), kt. 501100-2690, og Gullhylur ehf., kt. 520705-1630, (hér eftir nefnt GH) gera með sér eftirfarandi samning um mótshald Landsmóts hestamanna á Hólum í Hjaltadal dagana 27. júní – 3. júlí 2016 (hér eftir nefnt LM2016), LM og GH verða hér eftir sameiginlega nefnd aðilarnir.

Landsmót hestamanna ehf. er rekstraraðili LM2016. Félagið er í eigu Bændasamtaka Íslands (hér eftir nefnd BÍ) og Landssambands hestamannafélaga (hér eftir nefnt LH). Gullhylur ehf. er félag í eigu hestamannafélaga í Skagafirði; Hestamannafélagsins Stíganda, Hestamannafélagsins Svaða og Hestamannafélagsins Léttfeta.

Stjórn LH velur og ákveður landsmótsstað hverju sinni að höfðu samráði við LM, sbr. gr. 6.1. laga LH. Stjórn LH ákvað á fundi sínum í desember 2014 að ganga til samningaviðræðna við GH um LM2016 á Hólum í Hjaltadal. Þann 19. desember 2014 skrifuðu Landssamband hestamannafélaga, Gullhylur ehf., Sveitarfélagið Skagafjörður og Hóskóli undir viljayfirlýsingum um LM2016 á Hólum í Hjaltadal.

LM og GH eru sammála um að vinna sameiginlega að því og af fullum heilindum að halda Landsmót hestamanna 2016 á Hólum í Hjaltadal 27. júní – 3. júlí 2016. LM og GH eru sammála um að hafa til hliðsjónar fjárhagslega hagkvæmni, félagslegt réttlæti og samfélagslega ábyrgð.

A. Mótssvæðið

1. gr.

Almennt

Mótssvæðið skal vera þannig að þar sé hægt að taka á móti allt að 12.500 gestum og allt að 1.200 hrossum. Skal mótssvæðið og aðgengi að því taka mið af þessu og þeim almennu kröfum sem opinberir aðilar gera.

2. gr.

Uppdráttur af svæði

GH leggur til mótssvæðið, í samræmi við meðfylgjandi uppdrátt, merktur sem fylgiskjal A. GH mun skila LM fullkláruðum og hnituðum uppdrætti að svæðinu eigi síðar en 1. maí 2015.

Uppdrátturinn skal hnitaður og unninn af viðurkenndum aðila. Á uppdráttinn skal m.a. en ekki eingöngu merkja og afmarka sérstaklega mótssvæðið sem slíkt, akvegi, reiðleiðir, girðingar, upphitunarbrautir, hringvelli, sýningarbraut, neyðarleiðir, dómpall, dómaraaðstöðu, áhorfendasvæði, þ.m.t. svæði fyrir stíku, snyrtigar, salernisaðstöðu, þjónustu- og markaðssvæði, bíla-, kerru, og gámaðstæði, tjaldsvæði, hjólhýsa- og tjaldvagnastæði, rafmagnstengla, spennistöðvar, aðstöðu fyrir hestamannafélög og keppendur, skrifstofuaðstöðu LM, fjölmíðlaaðstöðu, barnagarð, vatnslagnir og rafmagnslagnir.

op dft 48 93 55 18
ij

Uppdrátturinn skal unnið í samráði við LM. GH og LM skulu samþykkja framangreindan uppdrátt með undirritun sinni á hann. Komi til breytinga á uppdrætti eftir framlagningu hans þann 1. maí 2015 skulu báðir samningsaðilar vera ásáttir um þær breytingar og samþykkja þær sérstaklega með undirritun sinni á nýjan uppdrátt.

Bráðabirgðauppdrættir liggja fyrir við undirritun þessa samnings. Þá þarf ekki að samþykkja með undirritun. Þeir eru þessir:

1. 422601 Hólar yfirlit S02.dgn, dags. 5. mars 2015, mkv. 1:5000 / 1:10000, frá Stoð verkfræðistofu.
2. 422601 Hólar yfirlit S01.dgn, dags. 5. mars 2015, mkv. 1:2000 / 1:4000, frá Stoð verkfræðistofu.
3. Hólar Hjaltadal Landsmót 2016 vellir.dwg, dags. 26. janúar 2015, mkv. 1:1250 / 1:200, frá Tæknið Skagafjarðar.

3. gr.

Afmörkun móttssvæðis

Afmörkun svæðis er skilgreind á uppdrætti á fylgiskjali merktu A.

4. gr.

Keppnis- og sýningarvellir

Á móttssvæðinu skulu vera upphitunarbrautir keppnis- og sýningarhrossa, hringvelli, (adalvöllur, upphitunarvöllur) ásamt sýningarbraut fyrir kynbótahross og kappreiðabraut. Keppnisvellir skulu uppfylla þær kröfur sem gerðar eru skv. lögum LH vegna þeirra keppna sem fara fram á LM2016. Þá skulu sýningarvellir uppfylla kröfur reglna Bí um kynbótasýningar, sbr. 2. tölul. viðauka við reglugerð nr. 442/2011, um uppruna og ræktun íslenska hestsins.

Viðurkennt efni skal vera á yfirborði allra valla og upphitunarsvæði.

Allir vellir skulu undirbúnir í samráði við mannvirkjanefnd LH. Umsjón valla og kostnaður vegna viðhalds á þeim í aðdraganda LM2016 og á meðan á mótinu stendur skal alfarið vera í höndum GH.

5. gr.

Stjórnstöð LM2016 og aðstaða fyrir fjöldiðla

GH skal útvega LM skrifstofuaðstöðu á móttssvæðinu fyrir stjórnstöð LM2016 sem og skrifstofuaðstöðu fyrir fjöldiðla.

6. gr.

Önnur mannvirki

LM skal hafa aðgang og afnot að öllum hestatengdum mannvirkjum á móttssvæðinu samkvæmt nánara samkomulagi við GH.

7. gr.

Aðstaða dómara

GH og LM sjá sameiginlega til þess að við alla velli verði dómpallur og dómaraaðstaða fyrir þuli og starfsmenn eftir því sem LM telur þörf á. Þá skal gera ráð fyrir að koma þurfi fyrir

sérstakri stjórnstöð dómara. Í stjórnstöð dómara skulu vera 10 ampera rafmagnstengingar og ljósleiðaratenging. Þá skal vinnuaðstaða dómara vera viðunandi að mati LM.

8. gr.

Gæsla

Öll gæsla, þ.m.t. öryggis- og löggæsla og vakt heilbrigðisstarfsfólks, á móttssvæðinu á LM2016 verður á hendi GH. GH skal sjá um alla samninga um gæslu við og á móttssvæðinu eins og það er skilgreint í fylgiskjali A í samráði við LM. LM greiðir kostnað vegna gæslustarfa. Umfang gæslu skal miðast við þarfagreiningu og tímaáætlun sem verkefnisstjórn LM2016 vinnur eða lætur vinna og skal hún liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember 2015. GH skal bera samningsdrög um gæslu undir LM þegar þau liggja fyrir en eigi síðar en 1. nóvember 2015. Þar sem LM greiðir kostnað vegna gæslustarfanna er samþykki þess áskilið áður en samningar vegna gæslu verða undirritaðir. GH skal útvega aðstöðu fyrir starfsmenn sem sinna öryggis- og löggæslu og vakt heilbrigðisstarfsfólks á LM2016.

9. gr.

Áhorfendasvæði

Áhorfendasvæði við velli skulu taka mið af heildarfjölda gesta á LM2016, samtals 12.500 gestum. Gert er ráð fyrir að áhorfendasvæði verði á mönum við velli og skulu þau auðkennd á uppdrætti á fylgiskjali merktu A.

10. gr.

Akvegir og umferðarstjórnunaráætlun

Alla akvegi skal auðkenna á uppdrætti á fylgiskjali merktu A. GH skal bera ábyrgð á að akvegir innan móttssvæðis verði rykbundnir.

GH skal láta viðurkenndan aðila, t.d. Vegagerðina, lögreglu eða verkfræðistofu, vinna umferðarstjórnunaráætlun fyrir LM2016. Umferðarstjórnunaráætlunin skal fjalla um akandi og gangandi umferð gesta, keppenda, m.t.t. staðsetningar bílastæða, tjaldstæða, áhorfendasvæða, markaðssvæðis o.b.h. til og frá móttssvæðinu og innan þess. Umferðarstjórnunaráætlun skal miða að því að gestir, starfsmenn LM2016, keppendur, hross, þjónustuaðilar og viðbragðsaðilar skulu eiga góðan og greiðan aðgang að móttssvæðinu og að umferð innan móttssvæðisins gangi vandræðalaust fyrir sig og að umferðarhnútar myndist ekki. Þessi umferðarstjórnunaráætlun skal liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember 2015.

11. gr.

Neyðarleið

Á uppdrætti skal sérstaklega merkja neyðarleið fyrir sjúkrabíla og aðra viðbragðsaðila. Jafnframt skal skilgreina á uppdrætti aðstöðu löggæslu og almennrar gæslu.

12. gr.

Hreinlæti og salernisaðstaða

GH sér um öll hreinlætis- og salernismál á móttssvæðinu sem skulu fullnægja kröfum heilbrigðisyfirvalda með hliðsjón af reglum um útisamkomur og þeim fjölða gesta sem samningur þessi tekur mið af, þ.e. allt að 12.500 manns. Salerni og sorpstöðvar skulu merktar inn á uppdrátt á fylgiskjali merktu A. Þá skal GH sjá til þess að á móttssvæðinu verði hæfilega margar sturtur fyrir gesti, keppendur og starfsmenn og skal þá taka tillit til sturtuaðstöðu í

ðP

16/11

GB 55
HJ JS

sundlaugunum á Hólum, Sauðárkróki og Hofsósi. GH skal sjá til þess að móttssvæðið sé snyrtilegt á meðan á móti stendur.

Gert skal ráð fyrir að endurvinnanlegum umbúðum, s.s. flöskum og dósum, verði safnað í sérstök ílát. GH eða aðili á þeirra vegum skal njóta góðs af skilagjaldi umbúðanna.

Fjöldi salerna og sorpstöðva skal vera í samræmi við þarfagreiningu sem verkefnisstjórn LM2016 lætur vinna og skal hún liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember 2015.

Kostnað vegna framangreinds ber LM en samþykki þess er áskilið fyrir öllum ákvörðunum sem fela í sér skuldbindingu um greiðslu kostnaðar.

13. gr.

Vatn

GH skal sjá til þess að nægjanlegt drykkjarhæft vatn verði til staðar á móttssvæðinu, þ.m.t. á tjald-, hjólhýsa- og tjaldvagnastæðum.

14. gr. Þjónustu- og markaðssvæði

GH skal sjá til þess að á móttssvæðinu verði sérstakt markaðs- og þjónustusvæði og skal það auðkennt á upprætti á fylgiskjali merktu A og stærð þess tilgreind. Stærð þjónustu- og markaðssvæðis skal vera í samræmi við það sem nauðsynlegt þykir samkvæmt sameiginlegu mati GH og LM. Nauðsynlegar lagnir skulu vera til staðar á því svæði og staðsettar í samráði við LM. Gera skal ráð fyrir því að á svæðinu verði hægt að bjóða upp á veitingar. Svæðið skal vera snyrtilegt og gera þarf ráð fyrir rúmu gámasvæði nálægt því fyrir þjónustuaðila. Svæðið skal uppfylla reglur heilbrigðiseftirlits og vinnueftirlits.

15. gr. Rafmagn og internetsamband

GH skal sjá til þess að raforkuþörf LM vegna LM2016 verði fullnægt, þ.m.t. fyrir veitingaaðila, starfsmenn, markaðssvæði, áhorfendasvæði, keppnis- og sýningarvelli, dómaraaðstöðu o.fl. Miða skal við að hjólhýsastæði þurfi 630 kilóvolt, veitinga- og markaðssvæði 630 kilóvolt en önnur raforkuþörf er a.m.k. 200 kilóvolt. Heildarraforkuþörf er þannig a.m.k. 1.460 kilóvolt. Staðsetning spennistöðva skal merkt inn á upprætti á fylgiskjali merktu A.

GH skal sjá til þess að fullkomin ljósleiðaratenging verði á svæðinu. Ljósleiðaratengingu þarf a.m.k. inn í stjórnstöð dómara, stjórnstöð LM2016 og útsendingarbifreið.

LM mun greiða sérstaklega fyrir raforkunotkun á svæðinu samkvæmt álestri mæla. LM og GH munu sameiginlega láta lesa á rafmagnsmæla fyrir og eftir móti.

16. gr. Aðstaða fyrir hross

Tilgreina skal á upprætti á fylgiskjali merktu A, hvar aðstaða fyrir hross er staðsett og hversu mörg hross komast þar fyrir. Verkefnisstjórn LM2016 skal halda skrá utan um laus hesthúsapláss á og nálægt svæðinu og skal aðstoða þá sem sækjast eftir plássi fyrir hest meðan á

þó
þA4
99 85 75
HP

LM2016 stendur. Verkefnisstjórn LM2016 skal útbúa samningsform vegna leigu á aðstöðu fyrir hross á meðan LM2016 stendur.

17. gr.

Bíla-, kerru- og gámastæði

Tilgreina skal á uppdrætti á fylgiskjali merktu A, hvar bílastæði fyrir mótshesti og starfsmenn eru, stæði fyrir flutningabíla og hestakerrtur, gámasvæði fyrir LM og þjónustuaðila. Bílastæði skulu vera næg og afmörkuð og merkt með greinilegum hætti. Skilgreina skal bílastæði fyrir fatlaða á uppdrættinum. Stærð þessara svæða skal skilgreind á uppdrættinum.

18. gr.

Merkingar

GH skal í samráði við LM koma fyrir merkingum á móttssvæðinu, þ.m.t. umferðarmerkingum og leiðbeinandi merkjum fyrir gesti, keppendur, þjónustuaðila og aðra.

19. gr.

Tjaldstæði

GH skal sjá til þess að til staðar verði afmörkuð tjaldsvæði og skulu þau merkt á uppdrátt á fylgiskjali merktu A. Stærð svæðisins skal skilgreind á uppdrættinum.

Þá skulu sérstaklega afmarkað svæði fyrir húsbíla, fellihýsi og tjaldvagna. Á þessu stæði skal að auki vera aðgangur að rafmagni. Á þessu svæði skal miða við að hægt verði að vera með um 500 rafmagnstengla fyrir húsbíla, fellihýsi og tjaldvagna. Stærð svæðisins skal skilgreind á uppdrættinum.

Þá skal á uppdrætti á fylgiskjali merktu A afmarka sérstaklega tjaldbúðir og aðstöðu fyrir hestamannafélög og keppendur. Við þetta svæði skal vera aðgengi að nægu landi undir beitarhólf fyrir keppnis- og sýningaráhross. Stærð svæðisins skal skilgreind á uppdrættinum.

Á öllum framangreindum svæðum skal vera rennandi drykkjarvatn úr krönum og vaskaborðum eftir þörfum. Þá skal á síðastnefnda svæðinu vera aðgengi að brynningarárvatni.

20. gr.

Barnagarður

GH skal sjá til þess að til staðar verði skal afmarka afgirt leiksvæði fyrir börn og skal það merkt á uppdrátt á fylgiskjali merktu A. GH skal annast starfrækslu leiksvæðisins.

B. Framkvæmdir, mótsstjórn og verkefnisstjórn LM2016

21. gr.

Framkvæmdir

Við undirritun þessa samnings liggar fyrir framkvæmdaáætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda á móttssvæðinu, þ.m.t. keppnissvæðinu og tjaldsvæðinu, dags. 4. mars 2015. Þá liggja fyrir drög að kostnaðaráætlun vegna framkvæmdanna frá Sveitarfélaginu Skagafirði, dags. 5. mars 2015.

Framkvæmdum við velli og áhorfendasvæði skal vera lokið fyrir 1. ágúst 2015. Framkvæmdir við velli skulu hefjast sumarið 2015 þar sem nauðsynlegt er að efni fái nægan tíma til þess að setjast og þókur fái að binda sig.

þó
HAF
GB 55
MF 75

Öllum öðrum stórum framkvæmdaliðum, s.s. vegna jarðvinnu og akvega o.p.h. skal lokið fyrir 1. júní 2016. Öllum framkvæmdum skal lokið eigi síðar en 15. júní 2016 og skal þá mótssvæðið komið í umsamið ásigkomulag. Skal þá fara fram úttekt mannvirkjanefnd LH og LM.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir eigi sér stað samkvæmt framangreindri framkvæmdaáætlun. Þá er gert ráð fyrir að úttektir LM á framkvæmdunum muni eiga sér stað með reglubundnum hætti á meðan framkvæmdatíma stendur.

22. gr.

Mótsstjórn

Gert er ráð fyrir að skipuð verði sérstök mótsstjórn. Í henni sitji framkvæmdastjóri og stjórn LM, fulltrúi frá knöpum, fulltrúi frá GH, mótsstjóri sem skal skipaður af LH, vallastjóri skipaður af GH, yfirdómari í gæðingakeppni og hrossaræktarráðunautur Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins ehf.

23. gr.

Verkefnisstjórn LM2016

Samkvæmt viljayfirlýsingum LM2016, dags. 19. desember 2014, átti strax eftir undirritun að koma á fót verkefnisstjórn til að undirbúa og fjalla um verklegar framkvæmdir á mótssvæðinu, samvinnu aðila, sameiginleg hagsmunamál og markaðssetningu LM2016. Á fundi í Ráðhúsinu á Sauðárkróki þann 29. janúar 2015, með hagsmunaaðilum á svæðinu, LH og LM var skipað í þessa verkefnisstjórn. Í henni eiga sæti Lárus Ástmar Hannesson f.h. LH, Elías Blöndal Guðjónsson f.h. LM, Jónína Stefánsdóttir f.h. Gullhyls ehf., Ásta Björg Pálmadóttir f.h. Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Erla Björk Örnólfssdóttir f.h. Háskólans á Hóulum. Verkefnissstjórnin skal funda eftir því sem þurfa þykir en eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

C. Markaðssetning og þjónustu- og markaðssvæði

24. gr.

Markaðssetning

LM og GH skulu sameiginlega vinna að markaðssetningu LM2016. LM og GH skulu koma sér saman um með hvaða hætti skuli staðið að markaðssetningu og kynningu á LM2016. Um markaðssetningu LM2016 skal fjallað sérstaklega í verkefnisstjórn LM2016. LM mun bera kostnað vegna markaðssetningar LM2016.

Útbúin skal sérstök markaðsáætlun fyrir LM2016 í verkefnisstjórn LM2016. Skal þessi markaðsáætlun liggja fyrir eigi síðar en 1. maí 2015 og miðað skal við að markaðssetning hefjist eigi síðar en á heimsmeistararamóti íslenska hestsns í Herning í Danmörku sem haldið er dagana 2.-10. ágúst 2015.

25. gr.

Einkaréttur á allri sölu

LM hefur einkarétt á allri sölu veitinga, varnings og þjónustu, hvaða nafni sem hún nefnist, á öllu mótssvæðinu. LM mun, eftir því sem við getur átt og eftir fremsta megni, beita sér fyrir því að aðkoma heimamanna að sölu veitinga, varnings og þjónustu verði sem mest.

op
HJK
GJ SS
MS JS

26. gr.

Einkaréttur á auglýsingum

LM hefur einkarétt á auglýsingum og markaðssetningu á móttssvæðinu. Auglýsingar frá öðrum aðilum en samningsaðilum LM á móttssvæðinu skal fjarlægja eða hylja. LM og GH geta samið sérstaklega um að birta eða sýna auglýsingar á vegum GH á móttssvæðinu á LM2016.

D. Fagleg stjórn LM2016

27. gr.

Fagleg stjórn LM2016

LM ber ábyrgð á og skal sjá um alla faglega stjórn LM2016, þ.e.a.s. stjórn keppni og sýninga, dómarastörf, myndbandsupptökur, samskipti við hestamannafélög o.p.h. LM hefur einkarétt á upptökum og sýningum efnis frá LM2016.

E. Sjálfboðaliðastarf

28. gr.

Sjálfboðaliðastarf

LM og GH skulu sameiginlega vinna að því að tryggja öflugt sjálfboðaliðastarf á LM2016. LM og GH skulu koma sér saman um með hvaða hætti skuli staðið að skipulagningu sjálfboðaliðastarfs á LM2016. Um skipulagningu sjálfboðaliðastarfs á LM2016 skal fjallað sérstaklega í verkefnisstjórn LM2016.

E. Skemmtidagskrá og afþreying

29. gr.

Skemmtidagskrá og afþreying

GH ber ábyrgð á og skal í samstarfi við LM sjá um alla skemmtidagskrá og afþreyingu á móttssvæðinu, þ.m.t. tónlistaratriði, tónleika og afþreyingu fyrir mótgæsti. Kostnaður vegna skemmti- og afþreyingardagskrár er greiddur af LM. GH skal leggja fyrir LM áætlun um skemmti- og afþreyingardagskrá ásamt kostnaðaráætlun til samþykktar.

F. Fjármál

30. gr.

Leiga/Afgjald

Gagn greiðslu hlutdeildar í hagnaði, sbr. 32. gr. þessa samnings, og greiðslu framlags frá ríki, sbr. 31. gr., tekur GH á sig allar skyldur samkvæmt þessum samningi vegna LM2016. Ekki verður um frekari greiðslur að ræða frá LM til GH fyrir afnot af móttssvæðinu og aðra aðkomu GH að LM2016 heldur en þær sem um er rætt í 31. og 32. gr.

31. gr.

Landsmótssjóður

Gert er ráð fyrir að LH muni sækja um styrkeitingu frá ríki, af óskiptum liðum menningarmála fyrir árið 2016. Mennta- og menningarmálaráðuneyti mun þá úthluta styrkjum til verkefna er stuðla að faglegri uppbyggingu á sviði menningarmála. Gert er ráð fyrir að styrkurinn geti orðið allt að kr. 10.000.000,-. Styrkurinn skal allur renna til GH og skal hann fara óskiptur í


 OP AAF GB SS
 KJ JS

framkvæmdir á móttssvæðinu samkvæmt framkvæmdaáætlun. LM mun sjá til þess að LH greiði GH styrkinn þannig að 80% af fjárhæðinni verður greidd eins fljótt og kostur er eftir að LH móttetur styrkinn en 20% af fjárhæðarinni eftir LM2016 enda mun mennta- og menningarmálaráðuneytið halda eftir þessum síðari hluta greiðslunnar þar til mótið er afstaðið.

32. gr. Hlutdeild í hagnaði

LM mun ekki greiða GH sérstaka leigu eða gjald vegna LM2016, sbr. 28. gr. LM og GH eru hins vegar sammála um að LM greiði GH hlutdeild í hagnaði, ef einhver verður. Hlutdeild í hagnaði verður greidd með þeim hætti sem hér greinir að því gefnu að skilyrðum verði fullnægt:

LM skal greiða GH 25% af hagnaði vegna LM2016 ef hann verður. Þá verður búið að taka tillit til tekna LM vegna miðasölu á LM2016 og öðrum tekjum, s.s. vegna auglýsingasölu, styrkveitinga, sölu á útsendingarrétti, keppnis- og þátttökugjalda og tekna af markaðs- og þjónustusvæði. Þá verður búið að taka tillit til alls kostnaðar LM vegna móttshaldsins. Hagnaður þessi skal reiknaður út með svofelldum hætti:

Tekjur LM – Fastur kostnaður vegna LM2016 = Hagnaður/Tap.

Til skýringar skulu nefndar þessar tvær sviðsmyndir í dæmaskyni:

A. Meðalverð seldra miða er kr. 12.000,- fyrir einn miða. Á LM2016 verða seldir 7.000 miðar og tekjur af miðasölu þannig kr. 84.000.000,-. Aðrar tekjur verða kr. 40.000.000,- og tekjur vegna auglýsingasölu og nýrra styrkja kr. 15.000.000,-. Samtals tekjur vegna LM2016 verða þannig kr. 139.000.000,-. Kostnaður vegna móttshaldsins verður kr. 125.000.000,-. Afkoma LM af móttshaldinu verður því jákvæð um kr. 14.000.000,-. Niðurstaða í þessari sviðsmynd yrði sú að LM greiðir GH kr. 3.500.000,-.

B. Meðalverð seldra miða er kr. 12.000,- fyrir einn miða. Á LM2016 verða seldir 12.000 miðar og tekjur af miðasölu þannig kr. 144.000.000,-. Aðrar tekjur verða kr. 40.000.000,- og tekjur vegna auglýsingasölu og nýrra styrkja kr. 15.000.000,-. Samtals tekjur vegna LM2016 verða þannig kr. 199.000.000,-. Kostnaður vegna móttshaldsins verður kr. 147.700.000,-. Ástæða þess að fastur kostnaður er hæri en í sviðsmynd A er sú að áætlað er að hann hækki um 2% fyrir hverja 1.000 selda miða umfram 8.000,-. Afkoma LM af móttshaldinu verður því jákvæð um 51.300.000,-. Niðurstaða í þessari sviðsmynd yrði sú að LM greiðir GH kr. 12.825.000,-.

Á sama hátt mun GH greiða LM hlutdeild í tapi á rekstri mótsins, ef það verður.

Aðilar samnings þessa gera sér grein fyrir því að framangreindar sviðsmyndir eru nefndar í dæmaskyni og að fjárhæðir þessar eru byggðar á rekstraráætlun LM. Allar fjárhædir kunna að taka breytingum og við uppgjör samkvæmt framangreindri reiknireglu verður tekið tillit til alls raunkostnaðar vegna LM2016.

Uppgjör samkvæmt framangreindu skal fara fram eins fljótt og kostur er eftir LM2016 en eigi síðar en 1. október 2016.

33. gr. Stuðningur Sveitarfélagsins Skagafjarðar

GH ber ábyrgð á og skal sjá um samskipti við Sveitarfélagið Skagafjörð vegna fjárhagslegrar aðkomu þess að LM2016 og annars stuðnings.

G. Uppsögn samnings

34. gr.

Einhliða og fyrirvaralaus uppsögn

Við eftirtaldar aðstæður er LM heimilt að segja upp samningnum einhliða, fyrirvaralaust og bótalaust.

- a) Ef GH hefur ekki uppfyllt skyldur sínar um ástand svæðisins fyrir tilgreind tímamörk, sbr. A. kafla þessa samnings.
- b) Ef um er að ræða breytingar á eignaraðild í GH, þannig að geta félagsins til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins minnkar verulega að mati LM.
- c) Ef fjárhagsstaða GH breytist verulega þannig að geta félagsins til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins minnkar verulega að mati LM.
- d) Ef fjárnám verður gert hjá GH, komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi félagsins, það leiti nauðasamninga eða eignir þess auglýstar á nauðungaruppboði.

H. Önnur ákvæði

35. gr.

Breytingar á samningnum og tilkynningar milli aðila samningsins

Allar beiðnir um breytingar á samningnum, svo og breytingarnar sjálfar ef til koma, skulu vera skriflegar.

Allar tilkynningar og beiðnir í tengslum við samninginn skulu vera skriflegar (bréf eða tölvupóstur).

36. gr.

Eintök samnings og undirritun

Samningur þessi er alls 11 blaðsíður, að forsiðu og undirritunarsíðu meðtoldum, og er gerður í tveimur samhljóða frumritum fyrir hvorn aðila.

Sérstök undirritunarsíða fylgir.

Hólmum í Hjaltadal, 27. mars 2015,

Lámsmóts heftamann

F.h. Landsmóts hestamanna ehf.

Jónas Þórisson

F.h. Landsmóts hestamanna ehf.

Ólafur Þórðsson

F.h. Landsmóts hestamanna ehf.

Gullhyls ehf.

Gunnar Þorláksson

F.h. Gullhyls ehf.

Ólafur Þorláksson

F.h. Gullhyls ehf.

Vottar:

Guðrún Ólafsdóttir 151183-8165

Nafn


Kt.

Jónakís Þorlák Ólafsson 090463-4889

Nafn

Kt.

Fylgiskjal A



OP GB BB JL-US